ALÞINGI

Til fjárlaganefndar.

Reykjavík 19. október 2023
2310213
*0.20*

Efni: Skólaþing

Forsætisnefnd Alþingis fól skrifstofunni að óska eftir fjárveitingu í fjárlögum 2024 fyrir uppbyggingu Skólaþings í Skúlahúsi en það er nú í leiguhúsnæði í kjallara Austurstrætis 8-10. Leigusamningurinn átti að renna út um áramót líkt og aðrir leigusamningar þingsins í Austurstræti en hann fékkst framlengdur til 30. júní 2024. Þrátt fyrir nauðsyn þess að tryggja Skólaþingi framtíðarhúsnæði var tillögunni sem sett var inn í fjárlagakerfið hafnað í ráðuneytinu og fór því ekki inn í fjárlagafrumvarpið. Það er eindregin ósk að Alþingi fái 94 m.kr. fjárveitingu til að tryggja Skólaþingi húsnæði til framtíðar á Alþingisreit. Að óbreyttu mun starfsemin leggjast af næsta vor. Meðfylgjandi eru frumkostnaðaráætlanir varðandi framkvæmdir og hug- og vélbúnað auk minnisblað frá skrifstofunni til forsætisnefndar dags. 1. júní 2023.

FORSETI ALÞINGIS

ALÞINGI • 101 REYKJAVÍK • SÍMI: 563 0900 • forseti@althingi.is